

LEYNDARDÓMUR FJÁRMAGNSINS

Rannsóknarstofnun um samfélags- og efnahagsmál — RSE

Rannsóknarstofnun um samfélags- og efnahagsmál

Ritröð: Fræðibækur nr. 1

Ritstjórar
Ragnar Árnason
Birgir Þór Runólfsson

Fræðirit

RSE beitir sér fyrir útgáfu fræðirita sem talin eru hafa sérstakt gildi fyrir þjóð-
málaumræðu og samfélagsskipulag á Íslandi. Rit þessi geta bæði verið þýðingar
erlendra verka eða frumsamin innlend verk.

Í ritröðinni hafa komið út:

1. Hernando de Soto. *Leyndardómur fjármagnsins* 2006

Hernando de Soto

LEYNDARDÓMUR FJÁRMAGNSINS

Hvers vegna kapítalisminn er sigursæll á Vesturlöndum
en bregst hvarvetna annars staðar



RSE

2005

*Til Mariano Cornejo sem sýndi mér hvernig ég atti
að standa traustum fótum á jörðinni og til Duncan
Macdonald sem kenndi mér að sigla eftir stjörnunum.*

Titill á frummáli: *The Mystery of Capital. Why Capitalism Triumphs in the West and Fails Everywhere Else*

Tilvitnanir í Adam Smith á bls. 54 og 56 eru sóttar í þýðingu Þorbergs Þórssonar, *Rannsókn á eðli og orsökum auðlegðar þjóðanna* (Bókafélagið, Reykjavík 1997).

© Hernando de Soto 2000

Íslensk þýðing: Árni Óskarsson

Próförk: Jónas Haralz og Jóhannes Halldórsson

Inngangur: Ragnar Árnason og Birgir Þór Runólfsson

Prentvinnsla: Oddi

Fontur: [9/14.8] Adobe Garamond Pro

Ljósmynd á kápu: JOEL NITO/AFP/Getty Images

Umbrot og kápa: Sigurgeir Orri

RSE í samvinnu við Bókafélagið 2005

ISBN 9979-9371-7-3

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Efnisyfirlit

<i>Formáli</i>	vi
<i>Um höfundinn</i>	vii
INNGANGUR	
Er leyndardómur fjármagnsins einhver leyndardómur?	viii
FYRSTI KAFLI	
Fimm leyndardómar fjármagnsins	21
ANNAR KAFLI	
Leyndardómur upplýsingaskorts	35
ÞRIÐJI KAFLI	
Leyndardómur fjármagnsins	51
FJÓRÐI KAFLI	
Leyndardómur pólitískrar meðvitundar	83
FIMMTI KAFLI	
Gleymdir lærdómar bandarískrar sögu	121
SJÖTTI KAFLI	
Leyndardómur löggjafarbrestsins	173
SJÖUNDI KAFLI	
Einskonar niðurlag	231
<i>Tilvísanir</i>	255
<i>Þakkir</i>	263
<i>Viðauki</i>	271

Formáli

Hér fer á eftir þýðing á víðkunnri bók eftir Hernando de Soto, sem á frummálinu nefnist “The Mystery of Capital: Why Capitalism Triumphs in the West and Fails Everywhere Else”. Bókin kom fyrst út árið 2000 og hefur vakið mikla athygli og umtal. Þýðing þessi er sú fyrsta í röð þýðinga á mikilvægum ritum um nútíma efnahagsmál sem RSE hyggst gefa út.

Bókina þýddi Árni Óskarsson. Jónas Haralz las þýðinguna yfir og lagfærði. Kynnum við honum bestu þakkir fyrir.

Við ritstjórar ritum inngang þar sem við gerum tilraun til að setja kenningar de Sotos í víðara fræðilegt og sögulegt samhengi.

Ragnar Arnason

Birgir Þór Runólfsson

Um höfundinn

Hernando de Soto er stofnandi og forseti Stofnunar um frelsi og lýðræði, *Instituto Libertad y Democracia (ILD)*, sem staðsett er í Lima í Perú. Þessi rannsóknarstofnun er bæði víðþekkt og virt. Breska tímaritið *The Economist* telur hana annan mikilvægasta þankatankinn (e. think-tank) í heiminum og Bill Clinton fyrrum forseti Bandaríkjanna hefur sagt hana hafa lagt fram vænlegustu aðferðafræðina til að vinna gegn fátækt í heiminum. Bandaríska tímaritið *Time* valdi de Soto nýlega einn af fimm helstu frumkvöðlum rómönsku Ameríku á tuttugustu öldinni.

De Soto er fæddur í Perú en uppalinn og menntaður í Evrópu frá sjö ára aldri. Hann hefur starfað víða um heim, m.a. sem hagfræðingur hjá GATT (nú WTO), og verið forstjóri einnar stærstu verkfræðistofu Evrópu. Hann var helsti efnahagsráðgjafi forseta Perú, og hafði frumkvæði að því að nútímavæða efnahags- og stjórnskipulagið þar á níunda og tíunda áratug tuttugustu aldar. De Soto og *ILD* hafa verið ráðgefandi víða í Asíu, mið-austurlöndum og rómönsku Ameríku um hvernig unnt sé að gera fátæklingum kleift að verða þátttakendur og hluti af hinu opinbera hagkerfi þjóða sinna. Fyrri bók de Sotos, *The Other Path*, var þýdd á meira en tíu tungumál og varð metsölubók um gjörvalla Rómönsku Ameríku.

Frekari upplýsingar um Hernando de Soto og *ILD* má finna á www.ild.org.pe

Inngangur

Er leyndardómur fjármagnsins einhver leyndardómur?

Kapítalisminn hefur sigrað í heiminum, segir Hernando de Soto. Með þessum orðum er hann þó einungis að minna okkur á alkunna staðreynd. Hrun Sovétríkjanna í árslok 1991 staðfesti formlega það sem flestir hagfræðingar og margir aðrir höfðu þegar séð, að það kerfi forræðis- og skipulagshyggju í efnahagsmálum sem kennt var við kommúnisma væri óralangt frá því að geta staðið kapítal- ismanum á sporði. Það væri því aðeins spurning um tíma hvenær það félli saman undan eigin þunga og með því það stjórn mála- og félagskerfi sem á því hvíldi. Hefði ekki komið til heimskreppunnar miklu á fjórða áratug aldarinnar og síðan heimsstyrjaldarinnar síðari er afar sennilegt að kommúnisminn hefði verið aflagður löngu fyrr en raun varð á.

Öfugt við kommúnismann, sem var hannaður á teikniborði hug- sjónarmanna og útfærður af tæknimönnum í þjónustu valdhafa, er kapítalisminn sjálfsprottinn í efnahagslífi vesturlanda. Á 18. öld þegar hagfræðingar með Adam Smith í broddi fylkingar fóru að veita þessu nýja fyrirbæri eftirtekt og freista þess að útskýra gangverk þess, hafði kapítalisminn verið að þroskast og hreiðra um sig í hagkerfi Vesturlanda í nokkrar aldir. Kapítalisminn er í rauninni ekkert annað en efnahagsskipulag sem byggir á séreignarrétti, einkaframtaki og viðskiptafrelsi. Slíku kerfi fylgir óhjákvæmilega víðtæk sérhæfing og viðamikil markaðsviðskipti, eins og Adam Smith útskýrði svo listilega.* Við þetta er kerfið oft kennt og kallað markaðshagkerfið. Hvað þá nafngift varðar er þó mikilvægt að hafa í huga að markaðir

* Sjá A. Smith 1981 [1776].

eru hér ekki orsök heldur afleiðing. Tilkoma markaða er afleiðing séreignarréttar og einkaframtaks. Markaðshagkerfinu fylgir jafnan áberandi upphleðsla fjármagns eða kapítals. Það er vegna þessa ytra sérkennis sem þeir félagar Marx og Engels töluðu um kapítalista í Kommúnistaávarpinu 1848.[†] Í framhaldi af því var farið að kalla kerfið kapítalisma. Hefur það heiti loðað við fram á þennan dag og er það sem de Soto kys að nota. Upphleðsla kapítals er þó engu síður afleiðing séreignarréttar og einkaframtaks en tilkoma markaða. Sem lýsing á aflvaka kerfisins eru því bæði heitin, markaðskerfi og kapítalismi, álíka langt frá því að hitta naglann á höfuðið.

Kapítalisminn hefur sigrað heiminn í þeim skilningi að helsti keppinautur hans, kommúnisminn, er fallinn. Jafnframt eru aðrir keppinautar ekki í auglýsingu. Önnur hugmyndafræði um skipan efnahagslífs er tæpast til nema e.t.v. sem einhverjar sundurlausar glefsur og brot. Það er því í rauninni ekki í önnur hús að venda. Efnahagsskipulag þjóða heimsins er því víðast hvar kapitalismi, með mismiklum ríkisafskiptum. Kapítalisminn er eina færa leiðin til að skipuleggja efnahagslíf nútíma þjóðfélags með skynsamlegum hætti.

Þetta leiðir de Soto að hinni miklu ráðgátu. Þrátt fyrir sigur kapítalismans í heiminum eru flestar þjóðir enn fátækar og margar sára fátækur. Hví er það, spyr de Soto, að þær þjóðir heims sem leitt hafa kapítalisma til öndvegis í efnahagsskipan sinni eru ekki allar ríkar? Hvernig má það vera að kapítalisminn geri sumar þjóðir ríkar en virðist ekki snerta við fátækt í öðrum löndum? Ef kapítalisminn, er eins skilvirkur og hagfræðin kennir og staðfest virðist með efnahagslegri velmegun á Vesturlöndum, hvers vegna skilar hann þá svona litlum framförum annars staðar í heiminum?

Þetta eru sem sagt grundvallarspurningar þessarar merku bókar. Þetta eru ekki nýjar spurningar, þótt e.t.v. megi segja að de Soto

[†] Sjá Marx og Engels. 1972 [1848].

setji þær fram með nýjum hætti. Þetta eru í grundvallardráttum spurningar sem mörg hundruð fræðimenn í þróunarlandahagfræði hafa verið að reyna að svara áratugum saman. Árangurinn hefur hins vegar orðið sorglega lítill. Vandinn er ekki skortur á rannsóknarfé. Þetta eru nefnilega einnig spurningarnar sem fjölmargar alþjóðlegar þróunarstofnanir, sem velta tugum milljarða bandaríkjadollara ár hvert, hafa verið að leita svara við með logandi ljósi og myndu vilja gefa mikið (og hafa raunar gefið mikið) fyrir að vita svarið við.

Nú er mikilvægt að átta sig á því að svarið við þessum spurningum er ekki aðeins gífurlega þýðingarmikið fyrir þróunarlöndin sem flest hver sitja blýföst í fátækt og örbirgð. Svörin, eða öllu heldur lausnarorðið, eru einnig mikið hagsmunaaatriði fyrir okkur Vesturlandabúa. Fyrir því eru ýmsar ástæður.

- Fyrsta ástæðan helgast af þeirri mannúð sem okkur er flestum í blóð borin. Við viljum gjarnan að velferð allra jarðarbúa sé sem mest. Það veldur okkur þjáningum, jafnvel sálarangist að vita af snauðu fólki sem býr við sult og vesöld. Margir eru reiðubúnir til að leggja talsvert á sig til þess að þessu linni eins og dæmin sanna. Við myndum því vilja greiða talsvert háa upphæð fyrir það ráð sem leysir þennan vanda til frambúðar.
- Önnur ástæðan er sú að fátækar þjóðir framleiða lítið. Þær sólunda auðlindum sínum, bæði náttúru og vinnuafli. Þessar þjóðir senda okkur því fáar gagnlegar vörur og leggja lítið til heimsviðskipta. Þær leggja með öðrum orðum ekki það af mörkum til heimsvelferðar sem þær gætu. Fátækt þeirra gerir okkur fátækari.
- Í þriðja lagi er vert að hafa í huga að fátæk, vanþróuð ríki búa undantekningarlítið við lágt menntunarstig. Þar eiga því múgsefj-

arar og falsspámenn oft auðveldara uppdráttar en annars staðar. Við það bætist að stjórnvaldsstofnanir eru þar iðulega veikar. Þessi lönd eru því gjarnan stjórnmalalega óstöðug. Þeim hættir til valdarána og einræðis þar sem valdaherrar láta greipar sópa um verðmæti og mannréttindi eru fótum troðin. Slík ríki valda ekki aðeins hörmungum innan eigin landamæra. Þau valda einnig iðulega átroðningi og spennu í nágrannaríkjunum og víðar í heimsbyggðinni.

- Fjórða ástæðan er tengd þeirri þriðju. Fátæk ríki og íbúar þeirra eru gjarnan árásarhneigðari en önnur ríki. Ástæðan er sú að því fátækara sem fólk og þjóðir eru þeim mun minna hafa þau að tapa á því að efna til ófriðar og seilast í eigur annarra sem betur mega sín. Slíkar þjóðir eru því beinlínis ógnun við velsæld hinna. Þar við bætist að því frekar sem þjóðir komast til bjargálna þeim mun meiri er hagur þeirra af viðskiptum við aðrar þjóðir. Þessi hagsbót gæti hæglega glatast í ófriði, jafnvel þótt sigri sé hrósað. Bjargálna ríki hafa því beina hagsmuni af því að halda friðinn.
- Fimmta ástæðan er sú, að sakir fátæktar ganga fátækar þjóðir gjarnan hart og fyrirhyggjulítið að náttúruauðlindum sínum. Þessar náttúruauðlindir eru oft ekki síður gagnlegar og verðmætar fyrir vesturlandabúa en íbúa viðkomandi þjóða. Ofnýting þeirra veldur því einnig tjóni á Vesturlöndum. Með aukinni auðlegð í núverandi þróunarlöndum yrðu þessar náttúruauðlindir efalítið betur nýttar og varðveittar öllum þar á meðal Vesturlandabúum til hagsbóta.
- Sjötta ástæðan er sú, að Vesturlandþjóðir veita nú vanþróuðum þjóðum verulegan árlegan fjárhagsstuðning og hafa gert um

langan aldur. Komist þessar þjóðir á hagvaxtarbraut væri unnt að spara þetta fé sem hjá mörgum Vesturlandþjóðum nemur nú frá 0.1 til 1% af vergri landsframleiðslu.

De Soto færir fyrir því sannfærandi rök að grunnástæðan fyrir hinni þrálátu fátækt í þróunarlöndunum sé ekki skortur á fjármagni. Sjaldgæft sé að þjóðir séu svo fátækar að þær geti ekki lagt til hliðar verðmæti til að byggja upp fjármagnsgrunn og hefja þar með það ferli upphleðslu fjármagns, verkaskiptingar og hagvaxtar sem svo lengi hefur einkennt efnahagslífið á Vesturlöndum. Öðru nær! Rannsóknir de Soto og samverkamanna hans sýna að fátækar þjóðir spara í reynd ótrúlega mikið. Yfirgripsmiklar mælingar þeirra í fimm stórborgum í ólíkum þróunarlöndum sýna að í þessum borgum liggur fyrir ógrynni fjármagns í landbótum, húsakosti, tækjabúnaði og smáfyrirtækjum. Þetta fjármagn er að langmestu leyti í eigu fátæks fólks og endurspeglar það sem þessu fólki hefur tekist að spara og leggja fyrir í því skyni að bæta kjör sín. Til þess að veita lesandanum hugmynd um heildarvirði þessa fjármagns bendir de Soto á að það nemi margfaldri þeirri þróunaraðstoð sem viðkomandi lönd hafa hlotið frá vestrænum þjóðum frá upphafi! Það er því talsvert fjarri lagi að tala um einhvern stórkostlegan skort á fjármagni í flestum þessara landa. Við þetta bætist síðan sú staðreynd að gríðarlegt fjármagn í formi efnahagsaðstoðar hefur runnið til þróunarlanda undanfarna áratugi gagngert í því skyni að bæta fjármagnsgrunninn og færa viðkomandi þjóðir á hagvaxtarbraut. Þessi innspýting fjármagns hefur þó litlu skilað og raunar oft þeim mun minna sem meira hefur verið veitt. Þetta gefur sterklega til kynna að vandinn leysist ekki með meira fjármagni. Þegar á þetta hvorttveggja er litið virðist blasa við að vandi vanþróunar og fátæktar í heiminum

getur tæpast legið í skorti á fjármagni, a.m.k. ekki fyrst og fremst. Svarið hlýtur að liggja annars staðar.

Sem fyrr er getið er séreignarrétturinn forsenda markaðsviðskipta og því sjálfur grundvöllur kapítalismans. Í hagfræði hafa á síðustu áratugum verið færð að því sterk rök að því betri og fullkomnari sem séreignarrétturinn sé þeim mun skilvirkara og framleiðnara verði markaðshagkerfið.[‡] Og öfugt. Því veikari sem séreignarrétturinn sé þeim mun óskilvirkara og óframleiðnara verði markaðshagkerfið. Samkvæmt þessu er ástæðunnar fyrir langvarandi fátækt og örbirgð, ekki síst í löndum sem búa við gnótt náttúruauðlinda, fyrst að leita í eignarréttarkerfinu.

Það er á þessum fræðilega grundvelli sem de Soto svarar spurningunni um hvers vegna sumum þjóðum, þ.e. svokölluðum þróunarlöndum, vegnar illa þrátt fyrir kapitalismann. Svar hans er að í þróunarlöndunum sé eignarrétturinn svo ófullkominn að það mjög svo verulega fjármagn sem fyrir hendi sé verði stirðnað og lífvana en ekki lifandi og frjósamt eins og á Vesturlöndum þar sem eignarréttarkerfið er sterkara. Leyndardómur fjármagnsins sé m.ö.o. ekki fjármagnið sjálft heldur það eignarréttarkerfi sem umlykur það. Forsenda efnahagsþróunar sé öflugt og skilvirkt eignarréttarkerfi, ekki magn og umfang fjármagns. Sé eignarréttarkerfið sterkt spretti upp markaðir og fjármagn safnist upp nánast af sjálfu sér. Sé eignarréttarkerfið veikt geti þetta á hinn bóginn ekki gerst nema í mjög takmörkuðum mæli.

En í hverju bregst eignarréttarkerfi þróunarlandanna? De Soto bendir á að verulegur hluti eigna í þróunarlöndum sé ekki löglega skráður. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Í mörgum þróunarlöndum eru eignarskráningarkerfi einfaldlega ófullburða og ráða ekki við verkefni sín. Þá fullnægir stór hluti eignanna ekki kröfum laga og reglugerða

‡ Sjá t.d. Coase 1960, Alchian 1965 og Demsetz 1967.

og getur því ekki fengið löglega skráningu. Hann vekur jafnframt athygli á því að vegna reglugerðafrumskógar og skriffinnsku sé nánast ógerlegt að fyrir venjulegt fólk að koma upp eignum með löglegum hætti. Hvað þýðir þetta fyrir eignarréttinn?

Fyrst og fremst þýðir þetta að öryggi og framseljanleiki eignanna bregðast. Vegna þess að eignirnar eru ekki löglega skráðar, njóta þær ekki verndar laganna. Þær er því auðveldara að taka af eignum án bóta. Öryggið er því lítið. Svipaða sögu má segja um framseljanleikann. Með því að eignirnar eru óskráðar og njóta því ekki lagaverndar er seljanleiki þeirra verulega skertur. Einkum og sér í lagi geta lánastofnanir, bankar og aðrir sem starfa verða samkvæmt formlegum reglum um veð og eignarnám, ekki veitt lán út á svona eignir. Þær geta einungis gengið kaupum og sölum á hinum óformlega markaði – neðanjarðarhagkerfinu þar sem verð eru lág, afætur margar og fjármagn af skornum skammti. Allt þetta gerir það að verkum að eignarréttargildi hinna mjög svo verulegu eigna fátæklinga í þróunarlöndunum er lítið og ekki nægilegt fyrir kapítal-ismann að vinna verk sitt.

Grundvallaratriði er að í þróunarlöndunum er eignarréttur yfirleitt veikur og iðulega veikari en svo að bankar og aðrir lánveitendur fáist til að veita lán út á þessar eignir. Þar einkennist fjármagn af ófullkomnum eignarrétti: húsum sem eru byggð á landi sem ekki er afsal fyrir, fyrirtækjum sem ekki eru skrásett og bundin af óskilgreindum fjárhagsskuldbindingum, atvinnugreinum sem eru staðsettar þar sem fjármálamenn og fjárfestar geta ekki komið á þær auga o.s.frv. Vegna þess að réttindin til þessara eigna eru ekki nægilega vel skráð er ekki auðveldlega hægt að breyta þeim í fjármagn, ekki hægt að versla með þær utan þröngra staðbundinna hópa þar sem fólk þekkir og treystir hvert öðru og ekki hægt að nota þær sem tryggingu fyrir láni eða hlutafé í fjárfestingu. Þar með er fjármagnið í þróunarlöndunum rígfast og

stirðnað í sjálfum eignunum. Það getur því ekki orðið uppspretta fjár sem unnt er að festa í arðbærum fjárfestingartækifærum og getur þar með endurnýjað sjálft sig með vöxtum og vaxtavöxtum eins og á Vesturlöndum. Það er dautt fjármagn en ekki lifandi eins og í kapitalisma Vesturlanda.

Á Vesturlöndum er á hinn bóginn hver landskiki, hver bygging, hvert tæki og hvers konar birgðir skráð á eignaskjal sem er sýnilegt tákn um hið umsvifamikla dulda ferli sem tengir allar þessar eignir við aðra hluta hagkerfisins. Það er þessu táknunarferli að þakka að eignir geta lifað og margfaldast utan efnislegrar tilvistar sinnar. Þær má nota sem tryggingu fyrir láni. Mikilvægasta uppspretta fjármagns til nýrra fyrirtækja á Vesturlöndum er íbúðarhús athafnamannsins sem sett er að veði fyrir láni. Skráðar eignir eru helsti efniviðurinn í fjárhagssögu eigandans, veita áreiðanlegt heimilisfang fyrir skuldheimtu, gert það kleift að koma á fót áreiðanlegum og almennum þjónustufyrirtækjum og mynda grundvöll þess að útbúa verðbréf og veðskuldabréf sem geta gengið kaupum og sölum á eftirmörkuðum. Með þessu móti gæða Vesturlandabúar eignirnar lífi og umbreyta þeim í lifandi fjármagn. Í þessu liggur meginmunurinn og þá um leið rötin að efnahagsvanda þróunarlandanna.

Niðurstaða de Sotos styðst við empírískar rannsóknir, og er jafnframt vel rökstudd og stendur föstum fótum í grunnkenningum um gildi eignarréttar. Síðast en ekki síst hefur hún mikið hagnýtt gildi. Hún beinir kastljósinu að því hvar skórinn í þróunarlöndunum kreppir í raun og veru. Öfugt við það sem alþjóðleg þróunaraðstoð og þróunarstofnanir hafa gengið út frá áratugum saman er meginvandi þróunarlandanna ekki fjárskortur. Fjármagn er þar meira en nægilegt til hagvaxtar. Gallinn er bara sá að þorrinn af þessu fjármagni er ekki lifandi fjármagn sem eykst og margfaldast í skjóli eignarréttarskipulags eins og á Vesturlöndum. Þorrinn af þessu fjármagni er í viðjum ófull-

nægjandi eignarréttarkerfis og því dautt fjármagn, sem ekki getur aukist og margfaldast.

Það sem þarf í þróunarlöndunum er skipulagsbreyting. Eignarréttarkerfið þarf að bæta. Þeim eignum sem þegar eru fyrir hendi þarf að veita óskert eignarréttargildi. Það þýðir að þær verður að viðurkenna, staðfesta, skrá og vernda. Jafnframt þarf að greiða brautina að því að skapa nýjar eignir með fullu eignarréttargildi í líkingu við það sem gengur og gerist á Vesturlöndum. Sé þessum hindrunum rutt úr vegi, eru sköpuð skilyrði í þróunarlöndunum sem líkjast þeim sem voru til staðar í upphafi iðnvæðingar á Vesturlöndum. Þá mun hagvöxtur hefjast meira og minna sjálfkrafa í flestum þessara landa að álitu de Sotos. Með tilliti til hinna miklu ónýttu auðlinda þróunarlandanna í mannafla og náttúrugæðum, þeirrar yfirgripsmiklu tækni og þekkingar sem þau geta haft aðgang að og heimsvæðingar markaða bendir flest til þess að þessi hagvöxtur gæti orðið mjög hraður.

Betri og tryggari eignarréttur í þróunarlöndunum er í mörgu hliðstæður þeim umbótum á eignarhaldi á landi (“land reform”) sem svo vel er þekkt í hagsögu Vesturlanda. Munurinn liggur í því að sú endurbót eignarréttarkerfisins sem nú er nauðsynleg í þróunarlöndunum er miklu víðtækari og tekur ekki síður til borga en dreifbýlis. Í þróunarlöndunum þarf að veita fátæklingunum formlegan eignarrétt á því landi sem þeir búa á, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli, þeim bústöðum sem þeir hafa reist og þeim fyrirtækjum sem þeir hafa komið sér upp. Þennan eignarrétt verður að skrá og veita honum vernd með lögum og fyrir dómstólum. Þá fyrst verður allt þetta gríðarlega fjármagn veðhæft og uppspretta lausafjár sem festa má í arðbærum tækifærum. Þannig öðlast það líf og verður lifandi fjármagn.

Skipulagsbreyting af þessu tagi kostar í sjálfu sér ekki mikið fé. Vandann við að koma henni í kring ber á hinn bóginn ekki

að vanmeta. Endurbætur á eignarréttarskipan snerta ætíð djúpa strengi í félagsgerð viðkomandi landa; félagslegar hefðir og siði, lög og réttarvernd að ógleymdum pólitískum hagsmunum þeirra sem hagnast persónulega á ríkjandi ástandi.

Bók de Sotos fjallar á yfirborðinu fyrst og fremst um vandamál þróunarlanda. Hún á engu að síður erindi til okkar sem búum í ríkari löndum. Í fyrsta lagi bendir hún okkur á atriði sem geta skipt sköpum um það hvort viðleitni okkar til að hjálpa þróunarlöndum til bjargálna (og þar með okkur sjálfum) skilar árangri eða ekki. Þessi viðleitni hefur sem fyrr er rakið kostað stórfé og gerir enn, en hefur til þessa sorglega litlu skilað.

Í öðru lagi beinir bókin kastljósinu að afar djúptæku vandamáli – ófullkomnum eignarrétti – og þeim neikvæðu afleiðingum sem hann getur haft fyrir framleiðslu og velferð. En efnahagur og velferð eru afstæð hugtök. Ekki þarf langa umhugsun til að sjá að því fer fjarri að við á Vesturlöndum höfum leyst vandamál ófullkomins eignarréttar. Eignarréttarkerfi okkar eru í mörgu ófullkomin. Til að mynda er afar stór hluti þeirra verðmæta sem við notum á hverjum degi ekki í séreign heldur einhverskonar almenn sameign eða almenningar. Þetta á t.d. við um fjölmörg náttúrugæði svo sem umhverfi, vatn, andrúmsloft og landrými. Þetta á einnig við um fjölmargar opinberar eignir sem oft eru kallaðar sameignir, svo sem skóga, fjöll, hafið, almenningsgarða, vegi o.fl. Þá er ekki síður erfitt á Vesturlöndum en í þróunarlöndum að öðlast tryggan eignarrétt á ýmsum auðlindum til framleiðslu þótt þær hafi verið nýttar til slíks árum og jafnvel kynslóðum saman. Þetta á t.d. við um notkun auðlinda sjávarins svo sem fiskistofna eins og við Íslendingar þekkjum vel. Þá má nefna að skattlagning eigna, tekna og viðskipta til að fjármagna starfsemi hins opinbera rýrir eignarréttargildi viðkomandi eigna og veikir þar með eignarréttarkerfið. Að lokum er vert að hafa í huga að það getur

verið ótrúlega dýrt að vernda eignarréttinn á Vesturlöndum. Hann býr við sífellda ásælni annarra. Sumt af þessari ásælni er löglegt og sprettur m.a. undan rifjum hins opinbera og fer m.a.fram með hjálp stjórnmalaflokka og tókum þeirra á löggjafanum. Annað er ólöglegt en á sér stað í skjóli slakrar réttarverndar sem m.a. stafar af einokun hins opinbera á löggæslu.

Af öllum þessum ástæðum vantar eignarréttarkerfið á Vesturlöndum talsvert upp á það að geta talist fullkomið. Vegna þessara galla skilar markaðskerfið eða kapitalisminn okkur ekki því sem hann gæti. Enginn veit hvað við glötum miklu af þessum sökum. Ekki virðist fjarri lagi að áætla að munurinn á efnahag okkar Vesturlandabúa í dag og þeim efnahag sem við gætum haft, ef eignarréttarkerfið væri betra, geti verið svipaður og munurinn á efnahag okkar og þróunarlandanna, sem ekki hafa einu sinni tileinkað sér okkar tiltölulega ófullkomna eignarréttarkerfi.

Boðskapur de Sotos á erindi til okkar og okkar samfélags ekki síður en þróunarlandanna. Við eigum að átta okkur á því að með nákvæmlega sama hætti og þróunarlöndin geta hagnast stórkostlega á að færa eignarrétt í sínum löndum að því sem tíðkast á Vesturlöndum getum við hagnast verulega á því að bæta enn frekar eignarréttarkerfi sem við höfum komið okkur upp og er vissulega langt frá því að vera fullkomið. Skiptir í því efni mestu að teygja séreignarréttinn til miklu fleiri sviða en nú er, fjarlægja sem mest takmarkanir á notkun ríkjandi eignarréttar, auka svigrúm markaða og séreignarréttar með því að draga sem mest úr óþarfa opinberum umsvifum og útgjöldum.

Ragnar Arnason

Birgir Þór Runólfsson

Tilvísanir

- Alchian, A. 1965. *Some Economics of Property Rights*. *Il Politico* 30:816-29.
- Coase, R.H. 1960. *The Problem of Social Cost*. *Journal of Law and Economics* 3:1-44.
- Demsetz, H. 1967. *Toward a Theory of Property Rights*. *American Economic Review* 57:347-59.
- Marx, K. og F. Engels. 1972 [1848]. *Kommúnistaávarpið*. Sverrir Kristjánsson (þýð.) Mál og Menning. Reykjavík.
- Smith, A. 1981. [1776] *An Inquiry into the Nature and Causes of the Wealth of Nations*. R.H. Campbell og A.J. Skinner (eds.). Liberty Fund. Indianapolis US.